



Varðandi: Starf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Málsnúmer: 1607006

Dagsetning: 6. júlí 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að bjóða Svölu Hreinsdóttur deildarstjóra og starfandi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs stöðu sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs. Er breytingin gerð með vísan til 2. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996. Bæjarráð heimilar enn fremur bæjarstjóra að auglýsa stöðu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og undirbúa breytingar á stöðu deildarstjóra á skóla- og frístundasviði í samráði við skóla- og frístundaráð.

GREINARGERÐ: Svala Hreinsdóttir verkefnisstjóri á skóla- og frístundasviði og staðgengill sviðsstjóra hefur verið starfandi sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs frá 1. maí 2015 þegar Helga Gunnarsdóttir fór í veikindaleyfi. Fyrir liggur að Helga Gunnarsdóttir mun ekki snúa tilbaka í stöðu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs af heilsufarsástæðum og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs hefur sagt upp störfum og hefur fengið stöðu forstöðumanns búsetudeildar á Akureyri.

Svala hefur sinnt stöðu deildarstjóra og síðar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs afburðavel í veikindaleyfi Helgu Gunnarsdóttur sem og starfi deildarstjóra á sviðinu. Hins vegar telja bæjaryfirvöld heppilegra að bjóða Svölu breytingu á starfi með tilvísan í hæfisreglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993 en ný- ráðinn skólastjóri Grundaskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson er eiginmaður Svölu og auglýsa stöðu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs auk þess sem til þess standa lagalegar heimildir um tilfærslu í starfi.



Akraneskaupstaður

Svala er með BA í uppeldis-og menntunarfræðum auk starfsréttinda í félagsráðgjöf. Hún er jafnframt með diplóma í opinberri stjórnslu og öldrunarfræðum frá Háskóla Íslands. Svala hefur starfað hjá Akraneskaupstað síðastliðin 10 ár. Hún var verkefnisstjóri frá árinu 2006 til ársloka 2013, deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu frá 1. janúar 2014 og staðgengill framkvæmdastjóra á fjölskyldusviði og síðar staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs frá gildistöku stjórnskipulagsbreytinga hjá Akraneskaupstað haustið 2014 og hefur verið starfandi sviðsstjóri í eitt ár.

Áður en Svala kom til starfa hjá Akraneskaupstað starfaði hún sem félagsráðgjafi hjá svæðisskrifstofu fatlaðra á Vesturlandi eða frá 1998 til 2006 og gengdi þar stöðu staðgengils framkvæmdastjóra í fjarveru hans. Svala hefur stýrt fjölmörgum stefnumótunarverkefnum, meðal annars í málefnum aldraðra og á skóla- og frístundasviði. Þá hefur hún annast ýmis sérverkefni á fjölskyldusviði og skóla-og frístundasviði. Hún hefur staðið sig afar vel í störfum sínum, eins og getið er um hér að framan.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri